

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurbæ árið 2003.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2003, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir:

Sorphirðugjald kr. 12.000 á hverja íbúð.

B) Fyrirtæki:

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
kr.

Flokkur a)	32.000
Flokkur b)	64.000
Flokkur c)	128.000
Flokkur d)	256.000
Flokkur e)	512.000

C) Frístundahús:

Sorphirðugjald kr. 2.400 á hús.

D) Lögbýli:

Sorphirðugjald kr. 16.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði 16. janúar 2003 og staðfest á fundi bæjarstjórnar 21. janúar 2003, er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2003.

Húsavík, 15. janúar 2003.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Sveitarfélaginu Ölfusi, sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi, skal vera kr. 7.350 á árinu 2003.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. maí en eindagi er 31. maí.

2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2003.

Bæjarstjórnin í Ölfusi, 24. janúar 2003.

Ólafur Ragnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 206, 716 og 719. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 5. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæðinu Milli vatns og vegar í landi Vatnsenda. Nánar tiltekið varðar breytingin Vatnsendabletti 206, 716 og 719. Í tillögunni felst að leigulandið að Vatnsendabletti 206 er stækkað til norðurs. Nyrst á leigulandinu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir einbýlishús með aðkomu frá Sveinsstaðavegi. Afmörkun lóða að Vatnsendabletti 716 og 719 breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 23. janúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. desember 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarreits sunnan Reynilundar. Skipulagið gerir ráð fyrir 5 einbýlishúsum, 2 parhúsum og 24 íbúðum í fjölbýlishúsum.

Skipulagsuppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.